



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Umsögn borgarlögmanns um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mánaðarlegt minnisblað í borgarráði um málaferli borgarinnar

Á fundi borgarráðs hinn 10. október 2019 var svohljóðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar borgarlögmanns:

Lagt er til að borgarlögmaður komi mánaðarlega á fund borgarráðs með minnisblað um þau málaferli sem borgin á aðild að fyrir dómstólum.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

Borgarlögmaður tekur undir tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins þess efnis að borgarlögmaður leggi fram á fundi borgarráðs minnisblað um málaferli Reykjavíkurborgar með reglubundnum hætti. Í slíku minnisblaði yrði að finna lista yfir hefðbundin einkamál sem Reykjavíkurborg á aðild að fyrir dómi hverju sinni. Slíkt minnisblað væri til þess fallið að gefa kjörnum fulltrúum upplýsingar um mál sem Reykjavíkurborg á aðild að fyrir dómstólum hverju sinni og þar með gefa kjörnum fulltrúum betra tækifæri til að fá reglulega upplýsingar um tiltekna þætti í starfsemi Reykjavíkurborgar og eftir atvikum til þess að sinna eftirlitsskyldu sinni. Til að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar í dómsmálum hverju sinni er lagt til að slíkt minnisblað verði trúnaðarmerkt.

Á meðal dómsmála sem borgarlögmaður fer með hagsmunagæslu fyrir hönd Reykjavíkurborgar eru barnaverndarmál og lögræðismál. Jafnvel þótt réttur sveitarstjórnarmanna til upplýsinga sé vegna starfa þeirra víðtækur, sbr. meðal annars 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þá er sá réttur ekki óheftur. Þannig hafa kjörnir fulltrúar eðli málsins samkvæmt ekki rétt á að kynna sér efni einstakra barnaverndarmála eða lögræðismála sem hafa að geyma mikilvæg og viðkvæm gögn og upplýsingar um einkahagi aðila sem eðlilegt og sanngjarnt er að sérstakur trúnaður ríkir um. Sem dæmi er kveðið á um í 2. mgr. 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 að sveitarstjórn sé óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál. Ákvæði þessu er meðal annars ætlað að tryggja faglegt sjálfstæði barnaverndarnefnda gagnvart sveitarstjórn enda er starf þessara nefnda ópólitískt. Þá hafa áþekk sjónarmið verið talin gilda um lögræðismál sem byggjast á ákveðnum upplýsingum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar um viðkvæma persónulega hagi og heilsufar einstaklinga ásamt því að læknisvottorð eru mikilvæg gögn í þeim málum. Í þessu sambandi er vert að benda á ákvæði 60. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, þar sem mælt er fyrir um að óheimilt sé að ræða

einkamál skjólstæðinga félagsmálanefnda (velferðarsvið) við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki hans eða forráðamanns hans. Að lokum er rétt að geta þess að þinghöld fyrir dómi í barnaverndarmálum og lögræðismálum eru ætíð háð fyrir luktum dyrum, sbr. annars vegar 2. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga og hins vegar 5. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Er sú framkvæmd viðhöfð til hlífðar aðilum máls vegna þeirra viðkvæmu málefna sem þar eru til umfjöllunar.

Verði fallist á tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins myndi minnisblað borgarlögmanns af framangreindum ástæðum einungis hafa að geyma upplýsingar um fjölda barnaverndarmála og lögræðismála sem Reykjavíkurborg á aðild að og rekin eru fyrir dómstólum á hverjum tíma, en að öðru leyti engar efnislegar upplýsingar um þessi mál.



Ebba Schram